



Flataskóli

LESUM SAMAN - VERUM SAMAN

29.jan. - 13.febr. 2009



Lestrarþjálfun og lestrarörvun með hjálp foreldra/forráðamanna

Lesum saman

Næstu vikurnar ætlum við í 1. - 4. bekk að vinna að verkefninu **LESUM SAMAN - VERUM SAMAN**

Hugmynd og fyrirmynd að verkefninu er fengin frá verkefni Snælandsskóla í Kópavogi, "Lesum saman korter á dag".

Lesturinn fer fram í skólanum og heima en kemur ekki í staðinn fyrir hefðbundinn heimalestur barnanna.

Heima

Foreldrar lesa fyrir barnið a.m.k. korter á dag í bók sem valin hefur verið í sameiningu.

Foreldrar og barn lesa til skiptis þegar barnið er farið að lesa sjálf.

Spjallað er um það sem lesið var.

Gott er að finna ákveðinn tíma fyrir lestrarkorterið.

Í skólanum

Á hverjum morgni verður gefinn tími til lestrar í hljóði í a.m.k. korter.

Einnig fá nemendur að segja hverjum öðrum frá því sem verið er að lesa heima og hvernig gengur.

Lestrardagbók

Bókin er hugsuð sem tengiliður milli heimilis og skóla og geymist í lestrar-möppu. Í þessa bók eru skrifuð stutt skilaboð. Gjarnan er skrifað um það hvað verið er að lesa og hvernig gengur. Ekki er nauðsynlegt að skrifa í bókina daglega.



Verum saman

Lestrarkorterið á að vera gæðastund sem barnið og foreldrar eiga saman. Systkini, ömmur og afar geta einnig tekið þátt í lestrarkorterinu.

Lesum saman – verum saman

Eykur lestrarfærni og lesskilning.

Hefur áhrif á lestrarvenjur og lestraráhuga.

Örvar málþroska.

Örvar ímyndunarafli.

Eykur samkennd barna og foreldra.

Styrkir tengsl milli heimilis og skóla.

Síðdegisopnun á skólasafni:

Mánudaginn 2.febr.

Þriðjudaginn 10.febr.

Kl. 15:00 -17:30

Hægt verður að fá lánaðar bækur og taka þátt í getraun.

Nemendur, foreldrar, systkini, afar og ömmur eru boðin velkomin.

Eftir kl. 16:00 er gengið inn hjá Tómsundaheimilinu.

Við hvetjum ykkur til að koma á skólasafnið og eiga góða stund með barninu/börnunum ykkar.

Heitt verður á könnunni.

Gefum okkur korter á dag, það skilar árangri.

Fimmtudagur 29. janúar

Nemendur og kennarar koma saman á sal skólans. Verkefnið kynnt og hleypst af stokkunum.

Tónlistaratriði.

Lestrarátakið Lesum saman - verum saman er nú haldið í fyrsta sinn í Flataskóla. Við vonum að undirtektirnar verði góðar þannig að lestraráhugi og lestrarfærni barnanna aukist.

Með kveðju og ósk um góða samvinnu

Umsjónarkennarar 1. - 4. bekkja, Ingibjörg Baldursdóttir, bókasafnsfræðingur og Elín Guðmundsdóttir, deildarstjóri yngra stigs

Föstudagur 13. febrúar

Dregið verður í getraun skólasafnsins.

Tónlistaratriði.

LESTUR
ER
BESTUR